

ERINDISBRÉF BYGGÐARRÁÐS.

Stjórnskipuleg staða:

Byggðarráð heyrir beint undir sveitarstjórn Húnaþings vestra.

Byggðarráð fer með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins ásamt sveitarstjóra. Byggðarráð hefur yfirumsjón með rekstri allra stofnana á vegum sveitarfélagsins.

Skipan byggðarráðs:

Í byggðarráði eiga sæti þrjú sveitarstjórnarfulltrúar, sem sveitarstjórn kýs til eins árs í senn, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra. Á sama hátt eru kjörnir þrjú sveitarstjórnarfulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa hefur sveitarstjóri rétt til að sitja fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn byggðarráðsmann að tilnefna fulltrúa og varafulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er sveitarstjórn að gefa fulltrúa flokks eða framboðsaðila kost á setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa. Byggðarráð kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk:

Hlutverk byggðarráðs er:

- að annast ásamt sveitarstjóra framkvæmda- og fjármálastjórn sveitarfélagsins, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.
- að hafa umsjón með stjórnslu sveitarfélagsins.
- að undirbúa og annast yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana fyrir sveitarsjóð og fyrirtæki sveitarfélagsins að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi nefndum og forstöðumönnum.
- að hafa umsjón með því að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt.
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Þá getur sveitarstjórn falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg. Meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella.
- Byggðarráð fer með atvinnu-, markaðs- og kynningarmál.

Starfshættir:

Um starfshætti nefnda/ráða og stjórnar er sérstaklega getið í IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Byggðarráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma að jafnaði einu sinni í viku. Skal byggðarráð gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við sveitarstjóra.

Byggðarráð skal halda gerðabók. Ritari byggðarráðs skal færa fundargerð í gerðarbókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja hann. Þá skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir byggðarráðsfulltrúar undirrita hana. Byggðarráð getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu og skal það gert í samræmi við 31. gr. í samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.

Sveitarstjóri hefur umsjón með ritvinnslu fundargerðar og leggur hana fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Sveitarstjóri sendir fundarmönnum afrit af fundargerð byggðarráðs.

Sveitarstjóri sér um undirbúning og boðun byggðarráðsfunda í samráði við formann byggðarráðs. Fundarboð byggðarráðs skal vera skriflegt og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal senda byggðarráðsfulltrúum eigi síðar en þremur sólarhringum fyrir fund.

Formaður byggðarráðs stýrir fundum ráðsins samkvæmt IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti byggðarráðs er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni:

Formaður byggðarráðs og aðrir byggðarráðsmenn skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni samþykktar ráðsins, sem staðfestar hafa verið af sveitarstjórn.

Réttindi og skyldur:

Um réttindi og skyldur fulltrúa í byggðarráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktir um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra, eftir atvikum.

Fulltrúa í byggðarráði er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn eða láta formann eða sveitarstjóra vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns eða sveitarstjóra a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund. Heimilt er þó að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmaður óskar þess.

Fulltrúar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra í atkvæðagreiðslu um málefni í byggðarráði.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir byggðarráð og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli málsins, lögum eða samþykkt 2/3 hluta fulltrúa hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi í byggðarráði skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Starfsmannamál:

Byggðarráð sinnir starfsmannamálum sveitarfélagsins. Hafi öðrum ekki verið falið það verkefni með lögum eða samþykkt sveitarstjórnar þá hefur byggðarráð yfirumsjón með starfsmannaráðningum og uppsögnum starfsfólks. Auk þess hefur byggðarráð eftirlit með öllu öðru starfsmannahaldi.

Lög og reglugerðir:

Í störfum sínum skal byggðarráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið þess heyra. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra eins og hún eru hverju sinni.

Staðfest af sveitarstjórn Húnaþings vestra 18. janúar 2007